

Sp.

66. Tillaga til þingsályktunar

[64. mál]

um Útflutningsráð.

Flm.: Tómas Árnason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um Útflutningsráð, er hafi það hlutverk að efla íslenska útflutningsstarfsemi og annast um útflutnings- og markaðsmál í samvinnu við utanríkisráðuneytið og viðskiptaráðuneytið. Útflutningsráð verði sjálfstæð stofnun, skipað fulltrúum helztu samtaka íslenskra útflytjenda og atvinnuvega. Viðskiptafulltrúar utanríkisþjónustunnar verði að hluta starfsmenn Útflutningsráðs.

Greinargerð.

Í nágrannalöndum okkar hefur verið komið á fót sérstökum útflutningsráðum til þess m. a. að greiða fyrir framleiðendum með sölu á framleiðsluvörum sínum á erlendum mörkuðum.

Að dómi flutningsmanna er hér um að ræða þýðingarmikið og tímabært mál-efni. Mjög er áriðandi að örva og efla útflutningsverzlun þjóðarinnar og finna markaði fyrir vaxandi útflutningsframleiðslu, sérstaklega í sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði. Með tilkomu markaðsbandalaga og aðildar okkar að EFTA vex nauðsyn á að tengja á lífrænan hátt framleiðslustarfsemi atvinnuveganna við erlenda markaði í þeim tilgangi að greiða fyrir sölu á framleiðsluvörum okkar. Ætla verður, að erfiðleikum sé bundið fyrir einstök fyrirtæki að standa fyrir markaðskönnun á erlendri grund. Hér þarf til að koma samstillt átak ríkisvaldsins og íslenskra atvinnuvega.

Útflutningsráð færi fyrst og fremst með útflutnings- og markaðsmál í samvinnu við utanríkisráðuneytið og viðskiptaráðuneytið. Á skipulegan hátt yrði unnið að því að afla markaða erlendis fyrir íslenskar framleiðsluvörur. Útflutningsráð þyrfti að vera upplýsinga- og kynningarmiðstöð fyrir útflytjendur og atvinnuvegina. Það væri útflytjendum til ráðuneytis um verzlun og viðskipti milli landa. Þá hefði Útflutningsráð forgöngu um framleiðslu nýrra vörutegunda, sem ætla mætti að markaður væri fyrir eða möguleikar á að skapa nýjan markað fyrir.

Lagt er til, að Útflutningsráð verði sjálfstæð stofnun, skipuð fulltrúum helztu samtaka íslenskra útflytjenda og atvinnuvega. Ef hagkvæmt þætti, gætu utanríkisráðuneytið og viðskiptaráðuneytið einnig átt fulltrúa í Útflutningsráði.

Með því að Útflutningsráð verður sjálfstæð stofnun íslenskra atvinnuvega, ætti að vera tryggður áhugi þessara aðila á stofnuninni.

Þá stæðu vonir til lífrænna starfs og þróttmeira, þar sem starfsemin sjálf og starfsmenn stæðu föstum fótum í atvinnulífinu, en hefðu jafnframt þekkingu á viðskiptamálum.

Starfsmenn Útflutningsráðs erlendis þyrftu ekki allir að vera fastir opinberir starfsmenn. Þeir yrðu að hafa trausta þekkingu á þörfum atvinnulífsins, verzlun og viðskiptum, en njóta jafnframt aðstoðar og fyrirgreiðslu utanríkisþjónustunnar.

Æskilegast væri, að viðskiptafulltrúar utanríkisþjónustunnar verði að hluta starfsmenn Útflutningsráðs og ráðnir til starfa í samráði við eða eftir tilnefningu ráðsins.

Flutningsmenn gera ekki tillögu um, hverjir eða hvernig afla skuli fjár til að greiða kostnað af störfum Útflutningsráðs. Þeir telja eðlilegt, að það mál verði sérstaklega athugað í samráði við þá aðila, sem hlut eiga að máli. Þó virðist eðlilegt, að þeir aðilar, sem standa að Útflutningsráði, greiði kostnað af starfseminni.